

Orðasafn um hnattvæðingu

... Smærri heimur – Netíð – Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn – Viðskipti – Öflug mótmæli ...
Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið „hnattvæðing“?

MÁLEFNI



HNATTVÆÐING



FÉLAGSLEG RÉTTINDI



MENNTUN

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



90 MÍNÚTUR

| | |
|-----------------------|---|
| Málefni | Hnattvæðing, félagsleg réttindi, menntun |
| Þyngdarstig | Stig 3 |
| Hópstærð | Hver sem er |
| Tími | 90 mínútur |
| Yfirlit | Þetta er verkefni sem felur í sér upplýsingasöfnun og gagnrýna umfjöllun um tilgang, orsakir og afleiðingar hnattvæðingar. |
| Tengd réttindi | <ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til vinnu. • Rétturinn til líf skjara sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan. • Rétturinn til menntunar. |
| Markmið | <ul style="list-style-type: none"> • Að öðlast þekkingu og skilning á tilgangi, orsökum og afleiðingum hnattvæðingar. |
| Efniviður | <ul style="list-style-type: none"> • Orðabækur (að minnsta kosti fjórar). • Pappír, stærð A3 og A4. • Límband, lím og skæri. • Pennar og merkipennar í mismunandi litum. • Ýmiss konar prentað efni, tímarit og bæklingar, til klippimyndagerðar. • Aðgengi að upplýsingum (bókasafn, Netíð). • Ljósritunarvél (ekki nauðsynleg). • Gatari, band, heftari til að hefta saman síður. |
| Undirbúningur | <ul style="list-style-type: none"> • Safnaðu saman sem mestum upplýsingum um hnattvæðingu. Ef með þarf skaltu nota tenglana og vísanirnar sem minnst er á í ítarefninu um hnattvæðingu á bls. 358. • Safnaðu saman dagblöðum, tímaritum, bæklingum, dagatölum og póstkortum sem hægt er að klippa myndir úr til skreytingar. |

Leiðbeiningar

1. Útskýrðu að tilgangurinn með verkefninu sé að búa til orðasafn eða heimildaskrá um hugtök, staðreyndir og þekkt einstaklinga sem tengjast hnattvæðingu.
2. Hitaðu upp með því láta þátttakendur fara í „orðatengslaleikinn“. Láttu þá segja fyrsta orðið sem þeim kemur í hug þegar þeir hugsa um orðið „hnattvæðing“.
3. Taktu aðra lotu þar sem þátttakendur koma með tillögur um það sem setja má í orðasafnið. Til dæmis:
 - skilgreiningar á orðum og hugtökum og algengum skammstöfunum, eins og ATTAC og IMF.

- helstu vandamál sem fylgja hnattvæðingunni
 - fólk/þekktir einstaklingar sem tengjast hnattvæðingu og/eða hreyfingum sem berjast gegn hnattvæðingu
 - nöfn, stund og staður þar sem viðburðir, fundir, fjöldafundir, ráðstefnur o.s.frv. hafa farið fram
 - fjölþjóðleg fyrirtæki og alþjóðastofnanir sem eiga hlut að máli
 - myndefni – ljósmyndir og teikningar
 - tilvitnanir
4. Sýndu þátttakendum efniviðinn og segðu þeim að nota hann að vild, á sem frumlegastan hátt. Þeir hafa algert frelsi um útlitshönnunina. Þetta má vera veggspjald eða bæklingur, eða hvað sem er!
 5. Skiptu þátttakendum í þriggja eða fjögurra manna hópa sem hver vinnur að sínu orðasafni.
 6. Þegar þeir eru búnir skaltu biðja hvern vinnuhóp að kynna afraksturinn fyrir öllum hópunum.

Samantekt og mat

Byrjaðu á stuttri könnun á því hvernig verkefnið gekk. Höfðu þátttakendur gaman af því? Ræddu síðan áfram við þá um það sem þeir hafa lært.

- Hvaða upplýsingar komu þeim mest á óvart? Hvers vegna?
- Bar öllum upplýsingum sem þátttakendur fundu saman? Voru einhverjar mótsagnir eða rangfærslur?
- Hvað mælir með og á móti hnattvæðingu?
- Ætti/er hægt að forðast hnattvæðingu?
- Hverjar eru afleiðingar hnattvæðingar?
- Sjá þátttakendur einhver áhrif hnattvæðingar í sínu daglega lífi? Til góðs eða ills?
- Hvernig getur hnattvæðing stuðlað að mannréttindum?
- Hvaða hlutverki geta æskulýðssamtök gegnt í heimi hnattvæðingar?

Ljúktu tímanum á svipuðum nótum og hann byrjaði og segðu þátttakendum að bæta við nýjum orðum og hugtökum sem þeir hafa lært við gerð verkefnisins.

Ábendingar til leiðbeinanda

Mikilvægt er að efniviðurinn séu fjölbreyttur svo að þátttakendur finni sem mest af upplýsingum. Til dæmis geta þær verið úr greinum í tímaritum og dagblöðum, af Netinu, úr útvarpi, af myndböndum eða veggspjöldum og úr bæklingum eða tónlist.

Leggðu ekki of mikla áherslu á kynninguna á lokaniðurstöðunni. Í verkefninu ætti að leggja áherslu á gagnkvæm samskipti þátttakendanna og þann lærdóm sem felst í því að leita að upplýsingum og greina þær með gagnrýnum huga. Þegar þú útskýrir verkefnið skaltu leggja áherslu á að þátttakendur útskýri hugtökin eins skýrt og skilmerkilega og þeim er unnt.

Tillögur um framhald

Ef þátttakendur vilja vita meira um hnattvæðingu og hvernig Netið er nýtt til að stuðla að mannréttindum gætu þeir gert verkefnið „Áhrif Netsins“ á bls. 87.

Lykildagsetning

8. september

Alþjóðadagur læsis

Hugmyndir um aðgerðir

Í skólastarfi gæti bekkur tekið sig saman og búið til eitt orðasafn sem yrði geymt í skólabókasafninu og allir gætu notað sér til fróðleiks. Æskulýðshópur gæti sameinað upplýsingar frá öllum vinnuhópnum á einu veggspjaldi.

ATTAC er skammstöfun á „Association for the Taxation of Financial Transactions for the Aid of Citizens“ (Samtök um skattlagningu fjármálaviðskipta í þágu almennings).

IMF er skammstöfun á International Monetary Fund (Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn).